

# Fundargerð

## Veiðifélag Landmannaafreittar

Fundarstaður: Hellu, Suðurlandsvegi 1-3, 2 hæð í fundarsal Rangárþings Ytra

Fundartími: 4. Júní - 10:45-11:30

Fundarritari: Þórdís Björt Sigþórsdóttir

*Afrit sent á alla fundarmenn til samþykktar*

### Fundarmenn:

Erlendur Ingvarsson – formaður Veiðifélags Landmannaafreittar

Haraldur Eiríksson - Hellismenn

Hákon Ásgeirsson – Umhverfisstofnun

Kristinn Guðnason, Rangárþingi ytra

Sigurgeir Guðmundsson, Rangárþingi ytra

Þórdís Björt Sigþórsdóttir – Umhverfisstofnun

### Markmið fundar

1. Farið yfir áherslur fundarins og hvaða afurð við leitum eftir í lok fundar.
  2. Kynning á gerð stjórnunar- og verndaráætlunar um friðland að Fjallabaki.
  3. Farið yfir drög af kortum.
  4. Farið yfir sérreglur um umferð og dvöl og þá möguleika að takmarka umferð á viðkvæmum svæðum.
  5. Hvað er aðal áhersla og hvernig vinnur veiðifélagið innan friðlandsins?
  6. Önnur mál.
- 
1. Hákon fer yfir áherslur fundarins og hvað leitast verður að að ræða, markmið og lokaafurð. Umhverfisstofnun vill fá sem flestar upplýsingar frá þeim aðilum sem eru að nýta friðlandið fyrir ferðamenn, s.s. hvað þarf að bæta, einhverjar sérstakar reglur sem þeir telja að þurfi að setja, umferðarreglur og annað sem þarf að gera til að bæta umferð, öryggi og umgengni innan friðlandsins.
  2. Þórdís kynnir hvað stjórnunar- og verndaráætlun felur í sér svo allir fundarmenn séu meðvitaðir um þá vinnu.
  3. Það eru slóðar inni sem eiga ekki að vera inni á kortinu – verður lagað í áframhaldandi kortavinnu. Ákveðið á fundinum að fara í vettvangsferð 19. júní – þar sem settar verðar niður hugmyndir um hvaða vegir eiga að vera skilgreindir.

4. Erlendur kynnr starf veiðifélagsins, þeir eru langstærsta veiðfélag innan hálendi Íslands, með umtalsverðan mikinn rekstur, aðallega Veiðivötn, að meðaltali 100 stangir á dag. Félagið er búið að byggja mikla aðstöðu og hefur verið í góðri þróun. Veiðfélagið tók málin í sínar hendur með viðhaldi á vegum, eru með dráttarvél með hefil og eru með 4 starfsmenn yfir sumarið. Veiðifélagið á fasteignir í Landmannahelli, það svæði hefur verið daldið til hliðar og hefur ekki verið sinnt af fyrrum stjórnarmönnum, en nú er búið að byggja mikið upp og orðið fast í sessi. Eru með fiskifræðinga innan Landmannaafreittar, eru með bleikjuvötn og sér urriðavötn, eru að kortleggja hvar eigi að beina fiskiræktinni, nú er frí veiði í Frostastaðavatni, stangveiðifélag Ármenn þeir ætla að taka Löðmundarvatn fyrir og grisja það, svona átök eru reglulega sett af stað með netum.

Aðgengi er akkerilshæll að vötnunum. Aðallega að menn hafa ekki sest niður og rætt málin. Hellismenn sjá um vörslu á svæðinu og sölu á veiðum. Formaður telur að veiðfélagið eigi að taka að sér slóðana að vötnunum. Þeim er treystandi fyrir því, hafa fjármagn til þess, ábyrgðin er á þeim að hafa aðgengi að vötnunum. Langbest að þeir sjá um það. Það er kannski eitt vatn sem er öðruvísi, Ljótípollur, slóðinn þar upp brekkuna er ein katóstórfa, ekki fær vegur, hans skoðun er að þarna þurfi að koma fleiri að, þeir tilbúnir að koma með fjármagn, fyrir hans leyti á að leggja þessa brekku af og færa slóðann norðan við.

Þessi brekka verður aldrei fær, skemmd á gígnum, snýst um að fara upp á svæðið og horfa niður. Í dag komast ekki margir bílar þarna upp. Þarf að vera klárt hvar aðgengið er ef það er lokað.

Frostastaðavatn – aðalatriðið þar er að fá aðgengi í sandinum til að leggja bátum að vestanverðu. Á sandinum þegar þú kemur niður brekkuna, afmarkað bílastæði, þeir hafa keyrt þarna niður, menn að fara að grisja með bátum. Hugmyndin að það væri hlið á bílastæðunum og skilti sem segði, eingöngu veiðimenn. Á hinum vötnunum eru slóðar að sem þarf að laga suma, t.d. slóðinn inn í Löðmundarver, svo keyra menn út fyrir. Veiðifélagið getur gert þetta, viðkvæmur gróður í kringum vatnið. Afmarka bílastæðið, laga veginn þar sem pollurinn er, 100 m kafli, þarf að fylla hann upp.

Aðgerðir: Hagsmunir þeirra eru að fólk komist að vötnunum til að veiða – þeir vilja taka þetta að sér.

Þetta myndi fara í aðgerðaáætlun.

Eitt vatn sem er í rauninni ekkert aðgengi að þar er veiði, Lifrarfjallavatn, hjá Dómadal, einhverjir hafa keyrt að Dómadalsvatni og labbað yfir. Það er slóði upp Lifrarfjallahálsinn, þar sem gönguleiðin kemur niður að, þar kemuru að vatninu og labbar niður brekkuna. Besti kosturinn. Eins ef þetta er merkt sem veiðislóði, það væri enn betra.

5. Rætt var mikilvægi þess að efnistökusvæði verði skilgreind innan friðlandsins, með Vegagerðinni og sveitarfélagi. Efnistaka tilkynningarskyld. Mikil umræða um efni og hversu misgott það er – mikilvægt að skilgreina góða efnistökuastaði. Gera kröfur til verktaka. Tala um að Kílingar sé gott efnistökusvæði.